

Samningur um Evrópska
efnahagssvæðið

Sameiginlega EES-nefndin

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR

nr. 91/98
frá 25. september 1998

um breytingu á XI. viðauka (Fjarskiptaþjónusta)
við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir samningurinn, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

XI. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 75/98 frá 17. júlí 1998⁽¹⁾.

Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 97/67/EB frá 15. desember 1997 um sameiginlegar reglur varðandi þróun innri markaðar bandalagsins á sviði pósthjónustu og um umbætur á þeirri þjónustu⁽²⁾ skal felld inn í samninginn.

ÁKVEDIÐ EFTIRFARANDI:

1. gr.

Eftirfarandi undirfyrirsögn komi á undan 1. lið (tilskipun ráðsins 87/372/EBE) í XI. viðauka við samninginn á eftir fyrirsögninni „GERÐIR SEM VÍSAÐ ER TIL“:

„Fjarskiptaþjónusta“.

⁽¹⁾ Hefur enn ekki verið birt.

⁽²⁾ Stjtið. EB L 15, 21.1.1998, bls. 14.

2. gr.

Eftirfarandi komi aftan við lið 5c (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 95/62/EB) í XI. viðauka við samninginn:

„Póstþjónusta

„5d. **397 L 0067**: Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 97/67/EB frá 15. desember 1997 um sameiginlegar reglur varðandi þróun innri markaðar bandalagsins á sviði pósthjónustu og um umbætur á þeirri þjónustu (Stjtið. EB 15, 21.1.1998, bls. 14).

Ákvæði tilskipunarinnar skulu, að því er þennan samning varðar, aðlöguð sem hér segir:

- a) Í 2. mgr. 5. gr. lesist „sáttmálanum, einkum 36. og 56. gr.“ sem „EES-samningnum, einkum 13. og 33. gr.“,
- b) Í 26. gr. lesist „sáttmálinn“ sem „EES-samningurinn“.

3. gr.

Fullgiltur texti tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 97/67/EB á íslensku og norsku fylgir sem viðauki við útgáfu þessarar ákvörðunar á hvoru máli fyrir sig.

4. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 1. október 1998, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni.

5. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalagsins.

Gjört í Brussel 25. september 1998.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar
Formaður

N. v. Liechtenstein

Ritarar
sameiginlegu EES-nefndarinnar

G. Vík

E. Gerner